

Ytra mat grunnskóla Kirkjubæjarskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið og Skaftárhrepp.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Birna Sigurjónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-33-6

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	6
Markmið og tilgangur	6
Aðferðir og framkvæmd	6
Kirkjubæjarskóli	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	8
Starfsmenn	9
Árangur náms	9
Samræmd könnunarpróf	9
Framfarir	10
Starfstími	10
Sérfræðipjónusta	11
Niðurstöður	12
Svið I - Stjórnun	12
Fagleg forysta	12
Styrkleikar	13
Stefnumótun og skipulag	15
Samskipti heimila og skóla	18
Svið II - Nám og kennsla	20
Nám og námsaðstæður	20
Inntak og árangur	20
Þátttaka og ábyrgð nemenda	23
Námsaðlögun	24
Svið III – Innra mat	26
Framkvæmd innra mats	26
Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	26
Umbótastarf í kjölfar innra mats	27
Svið IV – Skólabragur	29
Ábyrgð skólasamfélagsins	29
Áætlanir og kannanir	30
Nemendalýðræði	31
Styrkleikar og tækifæri til umbóta	32
Heimildir	42

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Kirkjubæjarskóla í Skaftárhreppi sem fór fram á vorönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrjár fyrirfram ákveðnar, en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn skólabragur.

Stjórnun

Einkunnarorð Kirkjubæjarskóla eru *kærleikur - bjartsýni – samvinna*. Þau eru þekkt í skólasamfélaginu og móta skólastarfið. Skólastjóri Kirkjubæjarskóla leggur í starfi sínu mesta áherslu á að nemendum líði vel og leggur áherslu á lýðræðislega umræðu um mál sem upp koma. Almennir starfsmenn í rýnihópi telja sig þó ekki alltaf vera þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku. Sökum smæðar skólans er skólastjóri eini stjórnandinn og hann hefur að auki kennsluskyldu. Skipurit og starfslýsingar liggja fyrir en nokkuð vantar af verklagsreglum og áætlunum um skólastarfið. Mikil samvinna einkennir skólastarfið, fundir eru haldnir reglulega og fagleg umræða fer einnig fram á kennarastofu. Skólanámskrá og starfsáætlun eru gerðar og birtar á heimasíðu en nokkuð vantar á að námsvísar/námsáætlanir fyrir árganga og námsgreinar séu birtar þar. Efla þarf starfsemi skólaráðs og foreldrafélags, auka þátttöku foreldra í skólastarfi og bæta upplýsingamiðlun til þeirra.

Nám og kennsla

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og eru virkir í kennslustundum. Námsumhverfi styður við nám og kennslu og gefur fjölbreytta möguleika. Samkennsla árganga er vel skipulögð og tími nemenda er vel nýttur í kennslustundum. Lítið er um samvinnu nemenda eða skoðanaskipti í námi þeirra. Nemendur hafa valmöguleika í námi frá 5. bekk en auka þarf hlutfall valtíma hjá eldri nemendum. Nemendur sýna góða frammistöðu í íslensku í 4. bekk en frammistaðan er slakari þegar komið er í 7. og 10. bekk. Árangur í stærðfræði er almennt slakari en árangur í íslensku á samræmdum könnunarprófum.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir tilgangi og tilhögun námsmats. Tengja þarf viðmið um árangur og mat á námi betur og gera nemendum kleift að nýta við mat og skipulag á námi. Skrá þyrfti hvaða kannanir og skimanir eru lagðar fyrir alla nemendur, hver eru viðmið um árangur og hvernig bregðast eigi við ef þörf er. Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár 2015. Auka ætti notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Nemendur hafa gott aðgengi að kennurum og skólastjóra og koma sjónarmiðum sínum á framfæri þó ekki sé formlegur farvegur til þess.

Innra mat

Matsáætlun liggur fyrir og samkvæmt henni verða allir helstu þættir skólastarfsins metnir á næstu fimm árum. Undanfarin ár hefur lítið verið unnið að innra mati í skólanum og starfsmenn og foreldrar hafa ekki verið upplýstir um matið að öðru leyti en því að niðurstöður kannana eru kynntar fyrir starfsmönnum. Kannanir Skólapúlsins eru notaðar til að leggja mat á líðan og viðhorf nemenda og viðhorf foreldra til skólastarfsins. Brugðist er við niðurstöðum samræmdra prófa og þær hafðar til hliðsjónar við skipulagningu náms. Ekki liggur fyrir greinargerð um innra mat né heldur umbótaáætlun.

Skólabragur

Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu. Einkunnarorð skólans eru greinargóð, rökstudd og öllum ljós. Almennt líður nemendum vel í skólanum og einelti er að mati nemenda minna en hjá samanburðarhópum. Skólareglur eru öllum kunnar og skýrt ferli við brotum á þeim.

Efla mætti samskipti nemenda með fjölbreyttu hópastarfi og skapa þeim vettvang til að ræða um nám og líðan. Auka mætti þátttöku allra starfsmanna í umræðum og ákvörðunum er varða málefni skólans.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Kirkjubæjarskóla í Skaftárhreppi. Matið var framkvæmt af Þóru Björk Jónsdóttur og Birnu Sigurjónsdóttur og fór fram á vettvangi 3.-4. mars 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Kirkjubæjarskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli er skólabragur. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig höfð til hliðsjónar auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla 2011 og greinasviðum 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4., þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnihópaviðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, bæði á prenti og á rafrænuformi.¹ Þá voruskoðaðar niðurstöðursamræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sjö ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneytið lét gera árin 2002 og 2009 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins töldust sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi árið 2002 og 2009 voru þær enn ófullnægjandi en fram kom að ekki hafi farið fram kerfisbundið sjálfsmat og verkáætlun lá ekki fyrir. Kannanir höfðu kerfisbundið verið lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn en úrvinnsla niðurstaðna var ekki kerfisbundin, m.a. höfðu viðmið ekki verið sett.

1 Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Kynningarfundur var haldinn 22. janúar 2014 fyrir allt starfsfólk Kirkjubæjarskóla, auk oddvita og fulltrúa úr skólanefnd Skaftárhrepps. Þann dag gafst einnig tækifæri til að fara með skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Snemma í mars voru matsmenn í skólanum við vettvangsathuganir hjá flestum kennurum og þá gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnihópafundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, nemendum í 4.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra. Vegna fjórða matsþáttarins, skólabrags, var sérstökum spurningum vegna hans einnig beint til allra rýnihópanna.

Skólaheimsóknin stóð yfir í tvo daga, auk kynningafundar og skoðunar. Heimsóttarvoru 17 kennslustundir hjá níu kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum: stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, ensku, dönsku, smíði, íþróttum, myndmennt, heimilisfræði og tónlist auk sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið á að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista um þær kennslustundir sem þeir mátu. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu flestir kennarar sér það.

Matsmenn fóru hvor í sínu lagi yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram en að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Kirkjubæjarskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Íbúar Skaftárhrepps eru um 450. Aðalatvinnuvegir svæðisins eru landbúnaður og ferðaþjónusta en fiskeldi skipar einnig stóran sess. Eini þéttbýliskjarninn í hreppnum er Kirkjubæjarklaustur, eða „Klaustur“ eins og staðurinn er gjarnan nefndur í daglegu tali. Á Klaustri er stunduð verslun, margvísleg þjónusta og iðnaður.

Grunnskóli Skaftárhrepps, Kirkjubæjarskóli á Síðu, er á Kirkjubæjarklaustri en þar geta börn stundað nám allan grunnskólann. Kirkjubæjarskóli var stofnaður 1971 og er sameiginlegur skóli fyrir sveitarfélögin fimm milli Mýrdalssands og Skeiðarársands. Fyrst var lögð áhersla á byggingu heimavistar og íbúða fyrir starfsfólk en kennt var í bráðabirgðahúsnæði í kjallara nýbyggingarinnar og mötuneyti var í gamla gistihúsinu. Gert var ráð fyrir að nemendur úr Álftaveri, Skaftártungu og Meðallandi væru í heimavist og svo var til ársins 1992 þegar skólaakstur hófst í þessum sveitarfélögum. Ný kennslustofuálma og mötuneyti voru tekin í notkun árið 1974 og byggingu sundlaugar lauk 1975. Fleiri kennslustofur bættust við árið 1985 og bókasafn, sem jafnframt er héraðsbókasafn, í desember 1987. Þegar heimavist var lögð af var húsnæðinu að hluta til breytt í kennslustofur, bæði fyrir grunnskólann og tónlistarskólann. Aðstaða til íþróttakennslu var í Félagsheimilinu Kirkjuholi allt til ársins 2004 þegar nýtt íþróttahús við skólann var tekið í notkun og ný sundlaug var tekin í notkun 2007.

Á hverju hausti er farið í dagsferð með nemendum um heimabyggð með þátttöku foreldra. Heimsótt eru áhugaverð svæði svo sem Hjörleifshöfði, Laki, Fjallabaksleiðir syðri og nyrðri og Núpsstaðaskógur, auk sveitanna sjálfra. Í gegnum tíðina hafa safnast mikil gögn um héraðið og sumt af því efni hefur verið gefið út til gagns fyrir aðra landsmenn og ferðamenn á svæðinu. Árlegir „vísindaleiðangrar“ nemenda elstu bekkjanna til Reykjavíkur hófust 1972 og eru þeir enn við lýði. Tilgangur þessara ferða er að kynna nemendum skóla og fyrirtæki, auk þess að fara í leikhús og á söfn.

Við Kirkjubæjarskóla starfar nemendafélagið Askur í nánú samstarfi við félagsmiðstöðina Klaustrið sem stofnuð var 2002. Alla jafna er það sami starfsmaðurinn sem sinnir Aski og Klaustrinu. Starfsemin fer að mestu leyti fram í húsnæði skólans og er ætluð nemendum 7.-10. bekkjar. Allir nemendur unglingadeildar sitja í stjórn félagsins.

Tónlistarskóli Skaftárhrepps er til húsa í grunnskólanum og er mikil samvinna milli skólanna. Nemendum í grunnskólanum gefst kostur á að sækja einkatíma í hljóðfæraleyti á skólatíma.

Samstarf er við leikskólann Kærabæ með skipulögðum heimsóknum leikskólabarna í grunnskólann.

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru *kærleikur*, *bjartsýni*, *samvinna*, oft nefnd KBS í daglegu tali í skólanum. Merking þeirra er nánar skilgreind í skólanámskrá:

- *Kærleikur*. Áhersla á að kennarar, nemendur og starfsmenn skólans komi vel fram hvert við annað og að framkoma þeirra einkennist af kærleika, vinsemd og virðingu. Allir sem koma að skólanum á einn eða annan hátt sýni með framkomu sinni og orðum að þeim þyki vænt um skólann og þá sem starfa innan hans.
- *Bjartsýni*. Áhersla á bjartsýni og jákvæðni þar sem samferðamenn leitast við að hvetja hvert annað til dáða og hugsa alltaf allir geta eitthvað, enginn getur allt. Metnaður okkar felst í því að mæta nýjum kröfum og standast þær væntingar sem gerðar eru til okkar sem leiða framsækið skólastarf.
- *Samvinna*. Áhersla er á samvinnu og samstarf milli nemenda, kennara og starfsfólks skólans. Nemendur fái tækifæri á að vinna með skólafélögum sínum í viðleitni þeirra við að leita sér þekkingar og efla færni sína á ýmsum sviðum. Einnig leggur skólinn áherslu á að viðhafa virkt samstarf við foreldra nemenda skólans og allt grenndarsamfélagið með það í huga að efla og bæta skólastarfið. Þeir sem standa að Kirkjubæjarskóla koma ávallt fram fyrir hönd skólans sem samstilltur og þéttur hópur sem ber hag skólans fyrir brjósti.

Verið er að vinna að stefnu sveitarfélagsins í skólamálum.

Starfsmenn

Starfsmenn Kirkjubæjarskóla eru samtals 15; skólastjóri og níu kennarar, þar af eru þrír leiðbeinendur, en tveir þeirra eru í kennaranámi og einn er menntaður leikskólakennari. Húsvörður, þrír skólaliðar og matráður starfa einnig við skólann og þrír skólabilstjórar sjá um akstur nemenda til og frá skóla. Stöðugleiki er í starfsmannahópnum og tveir þriðju starfsmanna hafa starfað í fimm ár eða lengur.

Menntun og sérhæfing kennara nýtist í starfi, t.d. við kennslu list- og verkgreina.

Nemendur

Í skólanum eru 40 nemendur á vorönn 2014. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum og fjöldi í samkennsluhópum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nem.	1	8	7	2	3	5	4	4	3	3
Samkennsluhópur	9		9		12			10		

Enginn nemandi í skólanum er af erlendum uppruna. Þrír nemendur fá skilgreinda sérkennslu, þ.e. eru með einstaklingsnámskrá vegna sérparfa. Einn nemandi stundar nám í ensku í fjarnámi við framhaldsskóla.

Fjarvistir nemenda í 8.-10. bekk eru alls um 100 dagar vegna veikinda eða leyfa. Þess ber að geta að leyfis dagar eru margir hjá nokkrum nemendum vegna ferða til foreldris, þar sem annað foreldrið er búsett fjarri Klaustri. Einnig útheimta ferðir til lækna eða annarra sérfræðinga dagsleyfi frá skóla.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarði sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið nokkuð sveiflukennd síðustu sjö árin en það er eðlilegt með svo fámenna árganga. Þegar frammistaða síðustu sjö ára er tekin saman er frammistaða í íslensku um tveimur stigum yfir landsmeðaltali en í stærðfræði er hún um tveimur stigum undir landsmeðaltali.

4. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			
	Árin	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
2007-2013		32,24	9,84	25	28,13	9,39	24

Frammistaða í sjöunda bekk er einnig talsverðum sveiflum háð milli ára sem má að öllum líkindum skýra með fámennum árgöngum. Þegar síðustu sjö ár eru tekin saman sést að frammistaða í íslensku er um tveimur stigum undir landsmeðaltali og um 4,5 stigum undir í stærðfræði.

7. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			
	Árin	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
2007-2013		27,88	10,43	25	25,39	9,83	23

Frammistaða nemenda í tíunda bekk er undir landsmeðaltali í öllum þremur fögunum þegar síðustu sjö ár eru tekin saman. Í íslensku eru nemendur rétt undir meðaltalinu en kringum 2,5 stigum undir í stærðfræði og ensku.

7. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Árin	Meðaltal	St.frávik	Fjöldi	Meðaltal	St.frávik	Fjöldi	Meðaltal	St.frávik
2007-2013	29,93	11,03	40	27,63	7,96	38	27,21	8,94	42

Þegar aðeins eru tekin saman meðaltöl síðustu fimm ára er frammistaða þeirra 22 nemenda sem tekið hafa samræmd könnunarpróf 10. bekkjar í íslensku og stærðfræði álíka og við sjö ára samantektina hér að framan. Við nánari greiningu niðurstaðna má sjá að hlutfall nemenda Kirkjubæjarskóla sem eru í efsta fjórðungi árangurs í stærðfræði er lægra en almennt gerist hjá samanburðarhópum landsins.²

Framfarir

Framfarastuðull nemenda er reiknaður út frá einkunnum þeirra á tveimur samræmdum könnunarprófum. Þetta er gert á milli fjórða og sjöunda bekkjar annars vegar og sjöunda og tíunda bekkjar hins vegar. Þessum stuðli er ætlað að veita upplýsingar um það hvort frammistaða nemanda hafi breyst frá því hann þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Á landsvísu er skiptingin að jafnaði þannig að um 15% sýna minni framfarir en jafnaldrar, um 50% sýna svipaðar framfarir, um 15% sýna meiri framfarir og um 5% sýna talsvert meiri framfarir en aðrir. Að jafnaði er ekki hægt að reikna framfarastuðla um 15% nemenda ár hvert vegna gagnaskorts.

51,9% nemenda í sjöunda bekk í Kirkjubæjarskóla sýna svipaðar framfarir og jafnaldrar á landsvísu síðustu sjö árin í íslensku, 25,9% sýna minni framfarir og 11,1% sýna meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 11,1% nemenda. Í stærðfræði sýna 59,3% nemenda skólans síðustu sjö árin svipaðar framfarir og jafnaldrar, 22,2% sýna minni framfarir og 3,7% sýna meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 14,8% nemenda. Nemendur voru 27 talsins í útreikningum síðustu sjö ára.

52,1% nemenda í tíunda bekk sýna svipaðar framfarir og jafnaldrar í íslensku síðustu sjö árin, 10,4% sýna minni framfarir, 14,6% sýna meiri framfarir og 2,1% sýna talsvert meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 20,8% nemenda. Í stærðfræði sýna 45,8% nemenda síðustu sjö árin svipaðar framfarir og jafnaldrar, 10,4% sýna minni framfarir, 10,4% sýna meiri framfarir og 8,3% sýna talsvert meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 25% nemenda. Nemendur voru 48 talsins í útreikningum síðustu sjö ára.

Þátttaka

Þegar upplýsingar um undanþáguskráningar eru kannaðar fyrir skólann þrjú ár aftur í tímann og þær bornar saman við skráningar á landinu sést að fjöldi nemenda í 4., 7. og 10. bekk Kirkjubæjarskóla sem eru undanþegnir prófatöku er samanlagt frá einum upp í þrjá á ári. Samtals hafa um 17% nemenda úr þessum þremur árgöngum verið skráðir undanþegnir frá prófi á árunum 2011-2013. Þetta er hærra hlutfall en á landsvísu þar sem um 10% eru almennt undanþegnir prófatöku.

Starfstími

Árlegur starfstími Kirkjubæjarskóla er samkvæmt skóladagatali 2013-2014 frá skólaásetningu 27. ágúst til skólaslita 23. maí. Starfsdagar kennara á tímabilinu eru fjórir og átta utan þessa tíma. Vikulegur kennslutími er lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir sem nemur 2-3 kennslustundum í 1.-7. bekk og einni kennslustund í 8.-10. bekk. Árlegur skólatími er 172 dagar í stað 180, eins og kveðið er á um í lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Nemendur í 1.-7. bekk fá þannig lengri kennslutíma yfir skólaárið en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir en nemendur í 8.-10. bekk nokkuð skemmri. Í heildina, þ.e. á 10 ára skólagöngu, fá nemendur lengri kennslutíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir, þrátt fyrir styttra skólaár og styttri skólatíma í unglingsáld.

² Skólapúlsinn.

Sérfræðiþjónusta

Skólinn sækir sérfræðiþjónustu og ráðgjöf til sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sem tók til starfa nú um áramótin. Þegar matið fór fram hafði ekki reynt mikið á þá þjónustu.

Þessi nýja sérfræðiþjónusta skóla er hluti af byggðasamlaginu *Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu*. Byggðasamlagið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna fimm á svæðinu frá Þjórsá í vestri og austur að Lómagnúpi; Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

Byggðasamlagið skiptist í tvær deildir, Félagsþjónustudeild og Skólaþjónustudeild.

Þjónustan er veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Eftirfarandi atriði eru talin upp í samþykktum byggðasamlagsins sem helstu verkefni:

- Að sjá um greiningar og ráðgjöf samkvæmt 40. Gr. grunnskólalaga frá 2008 og 21.-23. gr. laga um leikskóla, einnig frá 2008. Einnig mat og eftirfylgd samkvæmt sömu lögum.
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til skóla, sveitarstjórna og annarra opinberra aðila.
- Umsjón með gagna- og upplýsingasafni fyrir skólana.
- Umsjón með endurmenntun fyrir kennara í samvinnu við háskólastofnanir á uppeldissviði og aðrar skólaþjónustudeildir. Skólaþjónustan beiti sér fyrir námskeiðahaldi fyrir starfsfólk skólanna og aðstoði við þróunar- og nýbreytnistarf í grunn- og leikskólum.
- Skólaþjónustan taki þátt í Art-verkefninu.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Einkunnarorð Kirkjubæjarskóla eru *kærleikur - bjartsýni - samvinna*.

Áherslur Kirkjubæjarskóla koma fram á heimasíðu skólans:

- Í Kirkjubæjarskóla er lögð áhersla á jákvæð samskipti og vináttu allra í skólanum.
- Áhersla er lögð á að hver nemandi nýti sína hæfileika og getu til náms eins og honum er frekast unnt.
- Skólinn leggur áherslu á að nemendur temji sér tillitssemi, kurteisi og góða umgengni.
- Skólinn leggur áherslu á virkt samstarf við foreldra á sem víðustum grundvelli.
- Leitast er við að skipulag og fjölbreytt vinnubrögð séu höfð í fyrirrúmi í skólanum.

Stjórn skólans byggir á því sem fram kemur í lögum um grunnskóla þar sem segir:

- Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins (7. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).

Í aðalnámskrá grunnskóla segir:

- Skólastjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla (kafla 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Skólastjóri Kirkjubæjarskóla leggur í starfi sínu mikla áherslu á að nemendum líði vel og leggur rækt við samskipti við þá í daglegu starfi. Hann mótastefnu skólans í samvinnu við kennara og leggur áherslu á lýðræðislega umræðu um mál sem upp koma. Starfsmenn í rýnihópi sögðust þó ekki alltaf fá tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku og sögðu að oft væri búið að ákveða mál á fundum með kennurum áður en þau væru kynnt fyrir þeim.

Verið er að undirbúa innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í skólastarfinu og unnið er að mótun menntastefnu sveitarfélagsins fyrir allt fræðslu- og skólastarf á vegum þess, með þátttöku fulltrúa frá grunnskólanum. Ritun nýrrar skólanámskrár mun hefjast í kjölfar þeirrar stefnumótunar, að sögn skólastjóra, og fyrirhugað er að foreldrar og nemendur komi að þeirri vinnu þegar grunnur hefur verið lagður.

Allir aðilar skólasamfélagsins sem rætt var við þekkja einkunnarorð skólans og þau gildi sem unnið er eftir. Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir á vorönn 2013 sögðust um 63% svarenda vera vel eða töluvert vel upplýstir um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá en 37% sögðust lítið upplýstir. Í sömu könnun kom fram að um 83% telja skólanum frekar eða mjög vel stjórnað (89% á landsvísi) og um fjórðungur svarenda vill hafa meiri áhrif á stjórnun og stefnumótun skólans.

Unnið er eftir lýðheilsustefnu í mötuneyti skólans en ekki er fjallað um hana í skólanámskrá. Þar kemur heldur ekki fram að sú stefna nái til annars starfs í skólanum.

Skólastjóri kemur inn í kennslustundir en ekki til að fylgjast markvisst með námi og kennslu eða veita kennurum endurgjöf. Hann segist reyna að skapa kennurum þær aðstæður að þekking þeirra og hæfni nýtist sem best.

Styrkleikar

- Skólastjóri Kirkjubæjarskóla leggur í starfi sínu mesta áherslu á að nemendum líði vel í skólanum.
- Verið er að endurskoða skólanámskrá m.t.t. áherslna í nýrri aðalnámskrá.
- Allir aðilar skólasamfélagsins þekkja einkunnarorð skólans og þau gildi sem unnið er eftir.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þátttöku allra starfsmanna í lýðræðislegri ákvarðanatöku og stefnumótun.
- Kynna stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá enn betur fyrir foreldrum og auka þátttöku þeirra í stjórnun og stefnumótun.
- Æskilegt væri að skólastjóri fylgdist reglulega með námi og kennslu og veitti kennurum endurgjöf.

Stjórnun stofnunar

Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar að mestu gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum. Samkvæmt skipuritinu eru kennarar næstu yfirmenn stuðningsfulltrúa en þeir telja skólastjóra sinn næsta yfirmann að því er fram kom í rýnihópi.

Sökum smæðar skólans er skólastjóri eini stjórnandinn og hann hefur að auki kennsluskyldu í u.þ.b. þriðjungi starfshlutfalls. Engin skrifstofu- eða símaþjónusta er í skólanum og af þeim sökum er stundum erfitt að ná sambandi við skólann, að mati foreldra í rýnihópi.

Starfslýsingar starfsmanna liggja fyrir í skólanámskrá og kennarar sinna kennslu í samræmi við sérhæfingu sína að því marki sem því verður við komið í svo litlum skóla. Starfsmannasamtöl eru ekki haldin reglulega, að sögn þátttakenda í rýnihópum kennara og starfsmanna, en kennarar sögðust fá hrós og hvatningu fyrir vel unnin störf. Ekki liggur fyrir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn en fram kom í rýnihópum að vel væri tekið á móti þeim.

Jafnréttisáætlun liggur fyrir í skólanámskrá og miðar að því að auka jafnrétti nemenda til náms og að fullorðnir séu þeim góð fyrirmynd í þessum efnum. Verklagsreglur um meðferð eineltis- og ágreiningsmála í starfsmannahópnum liggja ekki fyrir. Starfsmenn gangast undir trúnað og þagnarskyldu um leið og þeir undirrita ráðningarsamning.

Ekki hafa verið settar verklagsreglur um skjalastjórnun, reglur um upplýsingagjöf um nemendur eða verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála í starfsmannahópnum.

Styrkleikar

- Skipurit liggur fyrir og það endurspeglar að mestu gildandi fyrirkomulag stjórnunar.
- Starfslýsingar eru birtar í skólanámskrá.
- Jafnréttisáætlun liggur fyrir í skólanámskrá og miðar að því að auka jafnrétti nemenda til náms.
- Kennarar fá hrós og hvatningu fyrir vel unnin störf.

Tækifæri til umbóta

- Leita leiða til að tryggja að hægt sé að koma upplýsingum til skólans á daglegum skólatíma.
- Útbúa móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Starfspróunarsamtöl verði regluleg við alla starfsmenn.
- Setja reglur um upplýsingagjöf um nemendur.
- Gera verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála í starfsmannahópnum.

Faglegt samstarf

Mikil samvinna og góð samskipti einkenna samstarfið í skólanum, að mati kennara í rýnihópi. Einkunnarorð skólans, *kærleikur, bjartsýni og samvinna*, voru tekin til sérstakrar umfjöllunar á svokallaðri uppskeruhátíð. Þau hafa þó aðeins verið í notkun í tvö ár og þarf að mati starfsmanna í rýnihópi að halda þeim enn betur á lofti. Almennir starfsmenn telja að þeir séu ekki alltaf hafðir með í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku, að því er fram kom í rýnihópi.

Kennarafundir eru haldnir a.m.k. hálfsmánaðarlega á föstum fundartíma og starfsmannafundir eru áætlaðir einu sinni í mánuði. Að sögn starfsmanna í rýnihópi eru þeir þó sjaldnar. Fundir eru boðaðir með dagskrá sem hengd er upp fyrir fundi og fundargerðir eru ritaðar. Mikil fagleg umræða fer einnig fram á kaffistofu kennara, sagði skólustjóri í viðtali. Hann hefur reynt að skapa kennurum samstarfstíma og kennarar á unglingastigi eru með vikulegan samstarfstíma. Ekki er faglegt samstarf við skóla í grenndinni en hætta á faglegri einangrun er töluverð í svo fámennum skóla. Í rýnihópi kennara kom fram að það „vantar teymi með einhverjum sem kenna sama eða svipað“, m.a. til að geta fengið uppbyggilega gagnrýni.

Upplýsingar um samstarf við leikskóla eru í skólanámskrá á heimasíðu skólans og þar eru einnig upplýsingar um framhaldsskóla og nám sem nemendum stendur til boða að loknum grunnskóla. Annað hvert ár fara nemendur á unglingastigi í heimsókn á Laugarvatn og fá kynningu á framhaldsskólanum þar og árlega fara unglingarnir í svokallaða vísindaferð til Reykjavíkur og sækja m.a. kynningar á framhaldsskólum.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir samstarfi við nærsamfélagið, s.s. um störf að landgræðslu og skógrækt, árlega haustferð til að kynna heimaslóðum og samvinnu við skólasafnið sem jafnframt er bókasafn héraðsins.

Styrkleikar

- Mikil samvinna og góð samskipti einkenna samstarf kennara í skólanum.
- Í skólanámskrá er gerð grein fyrir samstarfi við nærsamfélagið.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þátttöku allra starfsmanna í lýðræðislegum umræðum og við ákvarðanatöku.
- Leita leiða til að koma á samstarfi við kennara í öðrum grunnskólum.

Skólaþróun

Fjallað er um símenntun í starfsáætlun skólans og þau námskeið sem standa kennurum til boða á skólaárinu, m.a. námskeið á vegum félagsmálastjóra Vestur-Skaftafellssýslu, kynning á Námfús – vefumhverfi og ýmis námskeið á haustþingi Kennarafélags Suðurlands. Einnig er listi yfir námskeið sem Skólaskrifstofa Suðurlands hefur boðið upp á í gegnum fjarfundabúnað. Kennarar í rýnihópi sögðu að eftir að fjarfundabúnaður var settur upp hjá sveitarfélaginu hafi aðgengi að símenntun aukist.

Ný skólaþjónusta leggur áherslu á símenntun og þar kemur fram að hluti af verkefnum hennar sé að hafa umsjón með endurmenntun fyrir kennara í samvinnu við háskólastofnanir á uppeldissviði og aðrar skólaþjónustudeildir og að skólaþjónustan beiti sér fyrir námskeiðahaldi fyrir starfsfólk skóla og aðstoði við þróunar- og nýbreytnistarf í grunn- og leikskólum.

Þegar matið fór fram voru engar upplýsingar á heimasíðu um þróunarverkefni við skólann. Í sögu skólans er að finna upplýsingar um þróunarverkefni sem unnin voru fyrir 15-20 árum.

Umbótaáætlun hefur ekki verið gerð en í rýnihópum voru nefnd dæmi um að brugðist hafi verið við niðurstöðum ytra mats sem gáfu til kynna að umbóta væri þörf.

Styrkleikar

- Fjarfundabúnaður hjá sveitarfélaginu eykur aðgengi starfsmanna að símenntun.

Tækifæri til umbóta

- Taka upp markvissa vinnu við þróun skólastarfsins með hag barna að leiðarljósi.
- Gera umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum innra og ytra mats.
- Gera símenntunaráætlun sem tengist skólaþróun og umbótum sem þörf er á.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Starfsáætlun er gerð árlega og birt á heimasíðu skólans. Í henni er að finna helstu upplýsingar um skólastarfið og flest það sem þar á að birtast samkvæmt aðalnámskrá. Í starfsáætlun vantar upplýsingar um viðfangsefni innra mats á skólaárinu. Skóladagatal er kynnt fyrir skólaráði og kennurum áður en það er frágengið en fulltrúar í rýnihópum könnuðust ekki við að aðrir þættir starfsáætlunar væru unnir í samráði þessara aðila.

Á heimasíðu er skólanámskrá fyrir skólaárið 2012-2013. Í henni birtast áherslur skólans og einkunnarorð með skýringum. Í námskránni er fjallað um flest það sem samkvæmt aðalnámskrá á að birta. Þó þarf að gera skýrari grein fyrir fjölbreyttum leiðum í námi og kennslu sem skólinn leggur áherslu á. Fulltrúar kennara í rýnihópum tóku ekki þátt í gerð almenns hluta skólanámskrár.

Á heimasíðu eru birtar námsáætlanir árganga eftir námsgreinum. Þar er gerð grein fyrir helstu markmiðum, námsmati og viðfangsefnum fyrir önnina. Mikið vantar upp á að námsáætlanir séu birtar fyrir allar greinar, þannig að ekki er hægt að skoða samfellu milli árganga.

Í Námfús birtast einnig námsáætlanir og þar eru þær aðgengilegar foreldrum og nemendum.

Styrkleikar

- Starfsáætlun er gerð árlega og birt á heimasíðu skólans. Í henni er að finna helstu upplýsingar um skólastarfið.
- Skólanámskrá er birt á heimasíðu og í henni er að finna flest sem birta skal skv. aðalnámskrá.

Tækifæri til umbóta

- Vinna starfsáætlun í samráði við skólaráð og starfsmenn skólans.
- Birta upplýsingar um viðfangsefni innra mats á skólaárinu í starfsáætlun.
- Uppfæra skólanámskrá þannig að ljóst sé að hún gildi fyrir yfirstandandi skólaár.
- Gera skýrari grein fyrir fjölbreyttum leiðum í námi og kennslu sem skólinn leggur áherslu á í skólanámskrá.
- Birta námsáætlanir fyrir allar námsgreinar og aldurshópa á heimasíðu.

Skóladagur nemenda

Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga. Vikulegur kennslutími er lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir sem nemur 2-3 kennslustundum í 1.-7. bekk og einni kennslustund í 8.-10. bekk. Á móti kemur að árlegur skólatími er 172 dagar í stað 180, eins og kveðið er á um í lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Nemendur í 1.-7. bekk fá þannig lengri kennslutíma yfir skólaárið en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir en nemendur í 8.-10. bekk nokkuð skemmri. Í

heildina, þ.e. á 10 ára skólagöngu, fá nemendur lengri kennslutíma en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir, þrátt fyrir styttra skólaár og styttri skólatíma í unglingadeild. Skólinn hefur fengið staðfestingu á því frá mennta- og menningarmálaráðuneyti að þessi tilhögun rúmist innan þess sveigjanleika sem skilgreindur er í 28. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, að því gefnu að sátt sé innan sveitarfélagsins um þessa leið. Bent er á að mikilvægt er að fyrirkomulagið sé rætt í skólaráði og skólanefnd og viðhorf hagsmunaaðila í skólasamfélaginu könnuð. Einnig þarf að gæta þess að daglegt vinnuálag á nemendum verði ekki óhóflegt og að frávik frá fjölda skóladaga séu aðeins ákvörðuð til árs í senn.

Ekki verður séð að skólinn nýti sér svigrúm til að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri, né að skóladagurinn skiptist í vinnulotur sem gefa færi á fjölbreyttum verkefnum og samvinnu nemenda innan og milli námshópa.

Boðið er upp á valgreinar í 5.-7. bekk tvo tíma á viku og í 10. bekk í fjóra tíma á viku. Í starfsáætlun segir að leitast sé við að bjóða sem fjölbreyttast val en það sé þó háð fjölda nemenda. Miðað við upplýsingar á heimasíðu geta nemendur í 5.-7. bekk valið um þrjár valgreinar og nemendur í 8.-10. bekk um fimm greinar. Samtals er vikulegur tími í vali á miðstigi 80 mínútur og í unglingadeild 160 mínútur, en samkvæmt viðmiðunarstundaskrá skal heildartími valgreina nema 290 mínútum á viku í 8.-10. bekk. Töluvert vantar því upp á að ákvæði um val nemenda í viðmiðunarstundaskrá séu uppfyllt. Nám við Tónlistarskóla Skaftárhrepps, sem starfræktur er í sama húsi og grunnskólinn, er metið til valgreina ef foreldrar óska eftir því.

Styrkleikar

- Skóladagur nemenda er heildstæður, stundatöflur samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Vikulegur kennslutími er lengri en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir í öllum árgöngum og nemendur í 1.-7. bekk fá lengri kennslutíma yfir skólaárið.
- Nemendur í 5.-7. bekk geta valið um þrjár valgreinar og nemendur í 8.-10. bekk um fimm valgreinar.

Tækifæri til umbóta

- Skipuleggja skóladag nemenda þannig að svigrúm gefist til fjölbreyttra verkefna og samvinnu milli námshópa.
- Gæta þess að allir árgangar fái árlegan skólatíma í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- Auka val nemenda, sérstaklega á unglingastigi.
- Frávik frá viðmiðunarstundaskrá séu rædd árlega og viðhorf hagsmunaaðila í skólasamfélaginu til þeirra könnuð.

Verklagsreglur og áætlanir

Í skólanámskrá kemur fram að áhersla er lögð á jákvæð samskipti og vináttu allra í skólanum. Einkunnarorð skólans eru einnig til marks um það. Skólabragur einkennist af hjálpssemi og hlýju, lýðræði og samvinnu, að sögn þátttakenda í rýnihópi kennara, og allir eiga aðgang að öllum.

Skólareglur eru birtar bæði í starfsáætlun og skólanámskrá og þær eru sýnilegar í skólanum. Vinnuferli vegna brota á skólareglum er þó aðeins að finna í skólanámskrá. Nemendur hafa ekki tekið þátt í að móta skólareglur en þeir móta bekkjarreglur með kennara sínum. Skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim eru í samræmi við ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1041/2011. Samkvæmt foreldrakönnun sem gerð var 2013 voru um 80% foreldra ánægð með hvernig tekið er á agamálum í skólanum sem er heldur hærra hlutfall en á landsvísu (um 75%).

Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim. Í foreldrakönnuninni 2013 kom fram að umfang eineltis var um 11% sem örlítið hærra en á landsvísu að meðaltali (9,7%). 40% svarenda voru ánægðir með hvernig tekið var á eineltinu, á móti um 58% á landsvísu að meðaltali. Sömuleiðis var nokkuð minni ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans en að meðaltali á landsvísu. Í nemendakönnun Skólapúlsins 2014 mældist einelti minna en á landsvísu, sérstaklega í 6. og 7. bekk. Það er þó kynjamunur og einelti mældist heldur meira hjá strákum en stelpum og heldur meira í 8.-10. bekk en hjá yngri nemendum.

Í skólanámskrá er fjallað um tilhögun sérkennslu. Lögð er áhersla á að stuðningur fari sem mest fram í námsaðstæðum nemenda í skólastofunni. Eiginleg áætlun um sérkennslu og stuðning liggur ekki fyrir né heldur móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Lestrarskimanir eru lagðar fyrir til að finna þá sem eiga við lestrarvanda að etja og drög að lestrarstefnu skólans hafa verið útbúin þar sem m.a. kemur fram hvað próf og skimanir eru lögð fyrir nemendur í hverjum árgangi.

Jafnréttisáætlun hefur verið gerð og þar er m.a. fjallað um jafnrétti nemenda til náms. Ekki eru fyrirbyggjandi aðrar áætlanir í forvörnum en samkvæmt skólanámskrá er það verkefni umsjónarkennara að sjá um fræðslu um forvarnir, aðallega í lífsleiknikennslu.

Móttökuáætlanir hafa ekki verið gerðar, hvorki fyrir nýja nemendur né nemendur af erlendum uppruna.

Styrkleikar

- Áhersla er lögð á jákvæð samskipti og vináttu allra í skólanum og einkunnarorð skólans bera því vitni.
- Um 80% foreldra eru ánægðir með hvernig tekið er á agamálum í skólanum, samkvæmt könnun Skólapúlsins sem er heldur hærra hlutfall en á landsvísu.
- Skólareglur og viðbrögð við brotum á þeim eru í samræmi við ákvæði í reglugerð.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim
- Í nemendakönnun Skólapúlsins 2014 mælist einelti minna en á landsvísu.
- Lestrarskimanir eru lagðar fyrir til að finna þá nemendur sem eiga við lestrarvanda að etja og drög að lestrarstefnu skólans hafa verið útbúin.
- Jafnréttisáætlun hefur verið gerð og lýtur m.a. að jafnrétti til náms.

Tækifæri til umbóta

- Gera áætlun um sérkennslu og stuðning við nemendur með sérstakar þarfir.
- Útbúa og birta móttökuáætlanir fyrir nýja nemendur, nemendur sem þurfa sérstakan stuðning og nemendur af erlendum uppruna.
- Gera áætlanir um forvarnir.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólastjóri vinnur með skólaráði sem er skipað fulltrúum foreldra, kennara, annarra starfsmanna og nemenda og það starfar samkvæmt þeim reglum sem því eru settar í reglugerð. Ekki hafa verið settar sérstakar starfsreglur fyrir það. Nemendur eru kjörnir beinni kosningu af sínum hópi en fulltrúar foreldra ekki. Í ráðinu situr formaður foreldrafélagsins og er það til að tryggja tengsl við og upplýsingamiðlun til foreldrahópsins. Skólaráðið fundar tvisvar á ári að sögn rýnihóps, dagskrá funda er send út og fundargerðir ritaðar en ekki reglulega gerðar opinberar á heimasíðu. Stundatöflur og áætlanir um skólastarfið eru lagðar fyrir skólaráð en ekki hefur verið rætt um skólanámskrá, að sögn rýnihóps. Skóladagatal er lagt fyrir ráðið með nokkrum valkostum til að velja milli.

Foreldrafélagið er virkur samstarfsaðili skólans en mæting á fundi er að sögn þátttakenda í rýnihópi foreldra ekki góð. Foreldrafélagið tekur þátt í að skipuleggja ýmsa viðburði á vegum skólans. Foreldrasamfélagið er styrkur skólans að mati rýnihóps kennara, alltaf er hægt að leita til foreldra og ef eitthvað þarf að gera eru þeir tilbúnir til að styðja við skólann.

Styrkleikar

- Skólaráð starfar í samræmi við ákvæði í reglugerð.
- Foreldrasamfélagið er styrkur skólans og stendur með honum.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þarf þess að fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega kjörnir.
- Birta fundargerðir skólaráðs með opinberum hætti.
- Auka samráð og virka þátttöku skólaráðs í ákvarðanatöku um skólastarfið.
- Efla enn frekar virkni foreldrafélags og leita leiða til að auka þátttöku foreldra í félagsstarfinu.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Meðal áherslna skólans er virkt samstarf við foreldra á sem víðustum grundvelli, eins og segir í skólanámskrá. Í umfjöllun um hlutverk umsjónarkennara kemur fram að hann skuli sinna umsjónarhlutverki sínu í samræmi við stefnu skólans um aukna áherslu á foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun til forráðamanna. Fréttabréf um skólastarfið eru gerð reglulega. Skólastjóri er aðgengilegur og tekur vel á móti foreldrum, sögðu þátttakendur í rýnihópi þeirra.

Að mati foreldra í rýnihópi þyrftu foreldrar að vera virkari í samstarfi við skólann og koma meira að skólastarfinu en nú koma þeir aðeins í skólann í foreldraviðtölum. Námsefniskynningar að hausti hafa lagst af segja foreldrar og finnst það miður að fá ekki upplýsingar um viðfangsefni og námsefni komandi skólaárs. Áður sáu foreldrar um bekkjarkvöld en það hefur nú breyst sem einnig er miður þar sem bekkjarkvöld skipta miklu máli fyrir nemendur sem eftir skóla dreifast hver til síns heima í sveitinni. Foreldrar taka þátt í árlegri haustferð um heimaslóðir í sveitinni en er að öðru leyti ekki boðin þátttaka í vettvangsferðum nemenda.

Upplýsingar berast til foreldra í tölvupóstum og tilkynningum og heimasíða gefur skólans líka upplýsingar, segir í rýnihópi foreldra, en er misjafnt eftir kennurum og árgöngum hve reglulega upplýsingar berast um skólastarfið. Kerfið Námfús heldur utan um upplýsingamiðlun til foreldra en hefur ekki verið nægilega kynnt að mati þeirra. Ekki hentar heldur öllum foreldrum að samskipti fari öll fram í gegnum tölvuna. Í foreldrakönnun (2013) segja rúmlega 44% foreldra að kennari hafi samband vikulega (31% á landsvísu) og um 22% til viðbótar að kennari hafi samband mánaðarlega (18% á landsvísu). Tæp 15% svara sömu fullyrðingu að kennari hafi aldrei samband (um 25% á landsvísu).

Upplýsingar um árangur barna í námi eru veittar í foreldraviðtölum sem eru þrisvar á ári. Rúmlega

92% foreldra segjast í foreldrakönnun ánægðir með síðasta foreldraviðtal (um 95% á landsvísu). Niðurstöður úr könnunum og prófum eru settar á Námfús, en móðir í rýnihópi gerir athugasemdir við að vera ekki látin vita af slökum árangri barns síns með beinum hætti. Í foreldrakönnun (2013) segjast 15% foreldra mjög sammála því að skólinn veiti gagnlegar upplýsingar um námsárangur (tæplega 40% á landsvísu) en 70% segjast frekar sammála sömu fullyrðingu (46%).

Styrkleikar

- Skólastjóri er aðgengilegur og tekur vel á móti foreldrum segir í rýnihópi.

Tækifæri til umbóta

- Skapa foreldrum aukin tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna og leita markvisst eftir tillögum og hugmyndum þeirra um það sem betur má fara í skólastarfinu.
- Taka upp aftur námskynningar að hausti í samráði við foreldrasamfélagið.
- Koma á ákveðnu vinnulagi um upplýsingamiðlun til foreldra um nám og árangur nemenda.

Svið II - Nám og kennsla

Einkunnarorð skólans eru *kærleikur, bjartsýni og samvinna*. Í umfjöllun um þessi einkunnarorð sem eru skammstöfuð *KBS*, er lögð áhersla á vinsemd og virðingu og að þeir sem að skólastarfinu koma hafi metnað til að mæta nýjum kröfum til að standast væntingar um að leiða framsækið skólastarf. Sérstök áhersla er á samstarf nemenda við námið og samstarf við samfélagið til að efla skólastarf.

Áherslur í skólastarfi eru settar fram á heimasíðu. Þar segir að lögð sé áhersla á jákvæð samskipti og vináttu allra í skólanum, að hver nemandi nýti sína hæfileika og getu til náms eins og honum sé frekast unnt, að nemendur temji sér tillitsemi, kurteisi og góða umgengni, virkt samstarf við foreldra á sem víðustum grundvelli og að leitast sé við að gott skipulag og fjölbreytt vinnubrögð séu höfð í fyrirrúmi í skólanum.

Skólafélagið sveisarfélagssins er ekki skráð en verið er að vinna að menntastefnu sveitarfélagssins þar sem tveir fulltrúar skólans taka þátt.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Upplýsingar um skólastarfið eru á heimasíðu, áherslur skólans og upplýsingar um ýmsar áætlanir. Skólanámskrá skólans frá 2012-2013 er einnig aðgengileg á heimasíðu. Að mati viðmælenda er skólanámskrá ekki mjög virk sem stefnumótandi skjal í starfi skólans eða leiðbeinandi við nám fyrir nemendur og foreldra. Hún hefur ekki verið endurskoðuð reglulega en kennarar koma að mótun hennar og eru nú að vinna að endurskoðun í tengslum við nýja aðalnámskrá.

Upplýsingar um nám og kennslu eru frekar takmarkaðar á heimasíðu og ekki er nema hluti námsvísa/kennsluáætlana birtar þar. Foreldrar sem rætt var við í rýnihópi sögðust ekki allir vita af áætlunum en þeir sem þekktu þær sögðu að það færi eftir kennurum hvort áætlanirnar væru aðgengilegar. Nýlega var skipt um kerfi sem heldur utan um innri skráningar og samskipti heimilis og skóla. Að mati foreldra hefur það ekki verið kynnt nægilega fyrir foreldrum. Upplýsingagjöf til foreldra kemur víða fram sem veikur þáttur í mati. Það er t.d. eini þátturinn sem spurt er um í tengslum við nám og kennslu sem foreldrar við Kirkjubæjarskóla eru áberandi minna ánægðir með en samanburðarhópur í Skólapúlsinum.

Nemendur í rýnihópi sögðust fá kennsluáætlun sem gagnist þeim til að vita hvað eigi að læra og hvenær eru próf. Áætlunin er helst notuð í skólanum en einnig kom fram að nemendur fara yfir hana með foreldrum.

Frammistaða nemenda á samræmdum könnunarprófum sveiflast milli ára sem er eðlilegt í fámennum árgöngum. Við umfjöllun um stöðu skólans er því litið til samantektar á árangri nemenda sl. sjö ár. Meðalárangur nemenda í íslensku er yfir landsmeðaltali þegar frammistaða 4. bekkjar er skoðuð en önnur frammistaða nemenda er undir landsmeðaltali. Sérstaka athygli vekur munur á meðaltalsframmistöðu nemenda í íslensku og stærðfræði, þ.e. hve árangur í stærðfræði er slakari en árangur í íslensku í öllum þremur árgöngum sem taka samræmd próf. Mestur er munurinn í 4. bekk þar sem hann er yfir fjögur stig en nærri tvö og hálft stig í 7. og 10. bekk. Sama kemur fram í svörum nemenda á Skólapúlsinum, þar mælist ánægja af lestri marktækt meiri en hjá jafnöldrum en áhugi á stærðfræði er marktækt minni. Munur á frammistöðu nemenda milli faga gefur tilefni til þess að efla stærðfræðináms nemenda og huga að kennsluháttum í stærðfræði.

Staða nemenda í íslensku miðað við landsmeðaltal fer úr því að vera rúmum tveimur stigum yfir meðaltali í 4. bekk yfir í að vera álíka mikið undir meðaltali milli 4. og 7. bekkjar sem gefur einnig tilefni til að greina betur nám og kennslu.

Hlutfall nemenda sem fær undanþágu frá samræmdum könnunarprófum á árunum 2011-2013 er að meðaltali meira en almennt gerist en á bak við það hlutfall eru fáir nemendur.

Viðmælendur í rýnihópum voru ekki á einu máli um hvort nægilega athygli væri vakin á fjölbreyttum árangri nemenda. Verðlaun sem veitt eru fyrir annað en bóklegan námsárangur voru nefnd sem dæmi

um að fjölbreyttum árangri væri hampað, en aðrir vildu sjá meira gert með árangur utan skólastarfs, eins og þegar vel gengur í Samfés.

Styrkleikar

- Frammistaða nemenda í 4. bekk í íslensku að meðaltali sl. sjö ár er yfir landsmeðaltali.
- Nemendur nýta kennsluáætlanir við nám sitt.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka þarf endurskoðun skólanámskrár og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár 2015.
- Skoða hvað veldur slakari frammistöðu nemenda á samræmdum könnunarprófum þegar komið er í 7. bekk miðað við árangur í 4. bekk.
- Skoða stærðfræðikennslu við skólann og hvað veldur slakari árangri nemenda í stærðfræði en íslensku.
- Efla upplýsingagjöf til foreldra um nám og kennslu.

Skipulag náms og námsumhverfi

Áætlanir um nám og kennslu eru vistaðar á vefkerfinu Námfús en eru einungis að litlum hluta aðgengilegar utan þess kerfis. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir tilgangi og tilhögun námsmats hvað varðar próf og námsmatsdaga. Einnig er gerð grein fyrir vægi prófa í námsmati, hvernig fyrirgjöf er háttað og lögð áhersla á að hluti námsmats sé í formi umsagna sem sýni stöðu nemenda.

Flestar kennsluáætlanir, sem matsmenn höfðu aðgang að, segja hvert markmið með námi nemenda er, hvaða námsgögn eru notuð og hvernig námsmati er háttað. Í kennsluáætlunum þyrfti að gera betur grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem miðað er við þegar staða nemenda er metin.

Tengsl kennsluáætlana og grunnþátta nýrrar aðalnámskrár gætir lítt í þeim áætlunum sem athugaðar voru.

Skólahúsnæði er rúmgott þar sem ekki þarf að nýta allar vistarverur til náms og kennslu. Kennslustofur eru bjartar og vistlegar og oft prýddar verkum nemenda. Heimilisfræðikennslustofa sem er í kjallara þarfnast úrbóta. Fram kom í viðtölum að fjölbreytt náttúra og umhverfi eru nýtt við nám og kennslu og það sást einnig í vettvangsathugunum. Í þeim 17 kennslustundum sem metnar voru nýttu nemendur og kennarar upplýsingatækni nær ekkert við nám og kennslu. Nemendur 5.-10. bekkjar hafa val um hluta af námsgreinum sínum en samanlagður valtimi nær þó ekki viðmiðum námskrár. Nemendur á unglíngastigi hafa val í um 10,5% af námstíma sínum en viðmiðið er að unglíngastig hafi val í um fimmtungi námstímans.

Í skólanámskrá eru upplýsingar um samstarf við leikskóla. Einnig er þess getið að nemendur geta tekið námsáfangu í framhaldsskóla.

Nemendur og foreldrar vita tilgang og tilhögun heimanáms. Foreldrar og nemendur sem rætt var við í rýnihópum töldu heimanám yfirleitt vera hæfilegt og dreift á vikudaga. Foreldrar nefndu að þar sem skóladagurinn er lengri en víðast annarsstaðar væri minni áhersla á heimanám en sumir nemendur koma seint heim eftir langan akstur í skólabíl. Heimanám er misjafnt eftir skólastigum og einnig kom fram að það væri misjafnt eftir kennurum. Kennarar nefndu að reynt væri að hafa heimanám „eins lítið og hægt væri“ en töldu að kennarahópurinn þyrfti að ræða betur um heimanám, setja skýrari stefnu um það.

Styrkleikar

- Vel er gerð grein fyrir tilgangi og tilhögun námsmats í skólanámskrá.
- Námsumhverfi styður við nám og kennslu og eykur fjölbreytni.
- Nemendum er boðið að velja valgreinar frá 5. bekk.

Tækifæri til umbóta

- Auka hlutfall valtíma hjá nemendum.
- Tengja betur viðmið um árangur og mat á námi.
- Bæta aðstæður til heimilisfræðikennslu.
- Setja fram stefnu um heimanám með þátttöku kennara, foreldra og nemenda.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Kennsla fer fram í samkennslu árganga og er yfirleitt kennt í fjórum námshópum. 1. og 2. bekk er kennt saman og 3. og 4. bekkur eru saman. Á miðstigi og unglingastigi eru þrjú árgangar saman, 5., 6. og 7. bekkur og 8., 9. og 10. bekkur.

Kennslustundir eru vel skipulagðar og tími vel nýttur. Markmið náms í kennslustundinni eru almennt ekki kynnt, en ágætlega er tilgreint hvað og hvernig eigi að vinna. Stundum er skráð á töflu hvað eigi að gera (yfirferðarskilaboð) eða nemendum er gerð munnlega grein fyrir verkefnum og vinnutilhögun. Nemendur koma sér vel að verki og eru frekar sjálfstæðir, að því er séð varð í vettvangsathugunum.

Kennarar sýna almennt góða þekkingu á því fagsviði sem þeir kenna. Kennslustundirnar sem matsmenn sátu voru almennt góðar, nemendur voru virkir og sýndu áhuga í námi, hegðun var góð, verkefni vel skipulögð og mættu þörfum flestra. Nemendur telja kennara útskýra vel og hjálpa þegar þarf. Endurgjöf og hrós er uppbyggilegt. Í svörum nemenda í Skólapúlsinum kemur fram að samband nemenda við kennara sína er marktækt betra í Kirkjubæjarskóla en gerist hjá samanburðarhópum. Einnig upplifa nemendur betri aga í tímum en aðrir nemendur sem borið er saman við. Foreldrar eru álíka ánægðir með nám og kennslu í skólanum og foreldrar samanburðarskóla, samkvæmt niðurstöðum í Skólapúlsinum.

Kennarar nýta samkennslu á ígrundaðan hátt með nemendum. Misjafnt er hvernig tilhögun kennslu er háttað í samkennsluhópum. Dæmi voru um að allir væru með sama verkefnið, s.s. að læra hugtök eða æfa sund, en gerðar voru mismunandi kröfur til nemenda. Einnig voru tímar þar sem nemendur unnu í verkefnabókum en þar var misjafnt hvaða verkefni nemendur voru með eftir árgöngum. Nemendur sátu oft í U og sátu þá saman eftir árgöngum og unnu verkefni sín og kennari kenndi hluta nemenda í einu meðan aðrir héldu ótrauðir áfram í verkefnum sínum.

Lítið var um að umræður eða skoðanaskipti væru hluti af námi eða kennslu. Nemendur unnu oft hver fyrir sig að sínum verkefnum en samvinna eða samstarf nemenda við nám var sýnilegt í sex af þeim 17 stundum sem matsmenn mátu.

Styrkleikar

- Samkennsla árganga er vel skipulögð og nemendahópar njóta kennslu bæði sem heild og árgangaskipt.
- Tími nemenda er vel nýttur í kennslustundum og þær eru almennt vel skipulagðar.
- Nemendur segja samband sitt við kennara og aga í tímum betra en samanburðarhópur á landsvísi í Skólapúlsinum.

Tækifæri til umbóta

- Gera markmið náms og viðmið um árangur sýnileg í kennslustundum.
- Auka samræður og skoðanaskipti í námi nemenda.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru áhugasamir um nám sitt og vinna að því með fjölbreyttum leiðum. Nemendur geta valið um viðfangsefni í hluta af námi sínu en val tími er undir viðmiðum aðalnámskrár. Nemendur sem rætt var við gera sér grein fyrir hvernig þeim finnst best að læra og í kennslustundum sáust nemendur hafa val um námsaðstæður sínar. Í vettvangsathugunum var lítið um að nám væri tengt áhugasviði nemenda.

Nemendur notuðu upplýsingatækni mjög lítið í námi í þeim kennslustundum sem metnar voru en einn nemandi nýtti tölvu við nám sitt. Kennarar nýttu upplýsingatækni lítið við kennslu. Dæmi voru um að nemendur mætu árangur sinn sjálfir í námi en það var ekki almennt.

Nemendur Kirkjubæjarskóla í 6.-10. bekk eru almennt með svipaða eða jákvæðari upplifun af þeim þáttum sem snúa að námsháttum og námsvitund sem spurt er um í Skólapúlsinum. Þar er m.a. þrautseigja í námi, sjálfssalít, stjórn á eigin lífi og trú á eigin námsgetu.

Í svörum nemenda í mælingu sem gerð var í Skólapúlsinum haustið 2013 kemur fram að nemendur Kirkjubæjarskóla hafa marktækt meiri ánægju af lestri en samanburðarhópur. Þar kemur einnig fram að áhugi þeirra á stærðfræði er marktækt minni en gerist hjá samanburðarhópi nemenda.

Styrkleikar

- Nemendur eru áhugasamir um nám sitt.

Tækifæri til umbóta

- Nýta upplýsingatækni í námi og kennslu.
- Auka þátt nemenda í að meta eigin árangur og bera ábyrgð á námi.
- Auka áhuga nemenda á stærðfræði.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu, eins og fram kom hjá einum nemanda sem rætt var við: „það er borin virðing fyrir börnunum“. Nemendur telja sig geta tjá sig um málefni sín og að tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra. Nemendur þekkja skólareglurnar og telja þær sanngjarnar en hafa ekki komið að gerð þeirra. Ekki eru haldnir formlegir bekkjarfundir.

Að frumkvæði nemenda eru allir nemendur í 8.-10. bekk í stjórn nemendafélagsins. Nemendafulltrúi í skólaráði er kosinn lýðræðislega úr hópi nemenda og er fullgildur þátttakandi á fundum ráðsins. Fulltrúar nemenda í ráðum eða nefndum fá ekki til þess sérstaka þjálfun.

Skólinn hefur notað Skólapúlsinn frá haustinu 2013 til að fá fram upplýsingar um skólastarfið frá nemendum. Niðurstöður fyrstu könnunar hafa verið kynntar kennurum og í skólaráði en nemendur hafa ekki fengið kynningu á þeim.

Styrkleikar

- Nemendur telja sig hafa gott aðgengi að kennurum og skólastjóra til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Allir nemendur í þremur elstu árgöngunum eru í stjórn nemendafélagsins.

Tækifæri til umbóta

- Gefa nemendum fleiri tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, s.s. með bekkjarfundum.
- Kynna niðurstöður kannana um skólastarfið fyrir nemendum.
- Gera umræður og ákvarðanir sem teknar eru af nefndum þar sem nemendur eiga sæti aðgengilegar fyrir alla nemendur.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur eru ábyrgir í framkomu og koma vel fram. Nemendum eru að einhverju marki ljós markmið námseininga en viðmið um árangur eru ekki skráð eða þeim aðgengileg. Þeim er gerð grein fyrir hvað eigi að gera og fá áætlun um yfirferð bóka eða vinnu í verkefnum. Foreldrar fylgjast með námsframvindu barna sinna og sögðu að sumir kennarar sendu tölvupóst með umfjöllun um hvað framundan er í skólastarfinu hverju sinni. Fram kom hjá foreldrum að þeir vildu fá kynningu á námi að hausti eins og var áður en það hefur ekki verið síðustu ár.

Nemendur koma almennt ekki að því að setja sér markmið tengd námi eða meta að hvaða marki þeir hafa náð árangri. Matsmenn sáu gott dæmi um hvernig sjálfsmat nemenda var unnið með 1. og 2. bekk í handmenntakennslu.

Styrkleikar

- Nemendur eru ábyrgir í námi og framkomu.
- Nemendur taka í sumum námsgreinum þátt í að meta eigin árangur.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum náms og kennslu.
- Setja fram viðmið um árangur og kenna nemendum að meta eigin vinnu.
- Kynna námið framundan að hausti fyrir foreldrum og nemendum.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Borin er virðing fyrir nemendum og leitast er við að allir nemendur séu virkir þátttakendur í öllu skólastarfi. Aðstæður við kennslu, fámennir námshópar (frá fimm til 11 nemendur hjá kennara) og samkennsla árganga gefa tækifæri til að sinna nemendum á fjölbreyttan hátt. Í samkennslu þarf hins vegar að huga vel að því að viðmið um stigvaxandi árangur séu vel skilgreind og öllum ljós.

Áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast ekki mikið í námi eða viðfangsefnum þeirra.

Styrkleikar

- Allir nemendur eru fullgildir þátttakendur í skólasamfélaginu.
- Tækifæri eru til að sinna hverjum nemanda vel í fámennum hópum.

Tækifæri til umbóta

- Nýta enn frekar áhuga og hæfileika nemenda við skipulag náms og námsaðstæðna.
- Hugsa að því að allir nemendur fái krefjandi námstækifæri við hæfi.
- Skilgreina vel hvaða árangri stefnt er að, bæði innan hvers árgangs og samkennsluhóps.

Stuðningur við námi

Fylgst er með námi og framförum nemenda og brugðist við niðurstöðum kannana og mats. Í skólanámskrá er sett fram stefna um sérkennslu og stuðningskennslu. Meginstefnan er að stuðningur fari fram innan námshóps, eins og sást í vettvangsathugunum. Í stöku tilfellum fara nemendur í stuðningstíma utan kennslustofu. Almennir kennarar skólans sjá um stuðninginn en þeir eru ekki með sérmenntun í sérkennslufræðum. Stuðningsfulltrúar eru einnig til stuðnings í tímum með kennara þegar við á. Ekki eru almennt gerðar einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sérþarfir.

Brugðist er við þörfum nemenda sem skara framúr í námi með því að gefa þeim möguleika á að fara hraðar yfir námsgreinar eða taka framhaldsskólaáfangi.

Styrkleikar

- Vel er fylgst með námi nemenda í fámennum bekkjardeildum og brugðist við ef þarf.
- Skráð verklag er um hraðari yfirferð nemenda í námi.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sérþarfir í námi.
- Skrá þyrfti hvaða kannanir og skimanir eru lagðar fyrir alla nemendur, hver eru viðmið um árangur og hvernig bregðast eigi við ef þörf er á.

Svið III – Innra mat

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Undanfarin ár hefur lítið verið unnið að innra mati skólans en skólastjóri hefur gert áætlun um matsþætti fyrir næstu 5 ár. Þar kemur fram hvaða þætti skólastarfsins eigi að meta á hverju ári. Kannanir Skólalámsins eru notaðar til að kanna viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til skólastarfsins. Á þessu skólaári hafa þær verið lagðar fyrir nemendur og foreldra en að sögn kennara í rýnihópi ekki fyrir starfsmenn.

Í skólanámskrá er ekki fjallað um innra mat skólans. Fulltrúar starfsmanna, foreldra og nemenda eiga ekki sæti í matsteymi og ábyrgð á framkvæmd og stefnumótun um innra mat er hjá skólastjóra. Mat á kennslu fer ekki fram, skólastjóri veitir ekki endurgjöf á kennslu og kennarar ígrunda ekki eigin kennslu með formlegum hætti.

Í skólanámskrá er fjallað um námsmat en þar segir að megingilgangur námsmats sé að örva nemendur, aðstoða þá við námið og hvetja þá til að leggja sig enn betur fram. Vítisburður er afhentur nemendum og foreldrum tvisvar á skólaári. Einkunnir eru gefnar í tölum og/eða gefnar umsagnir. Umsagnirnar eiga að vera uppbyggjandi, framfaramiðaðar og sýna stöðu nemenda, að því er fram kemur í kafla um námsmat í skólanámskrá.

Styrkleikar

- Gerð hefur verið matsáætlun til fimm ára þar sem fram kemur hvaða þætti skólastarfsins eigi að meta á hverju ári.
- Samkvæmt skólanámskrá er megingilgangur námsmats að örva nemendur, aðstoða þá við námið og hvetja þá.

Tækifæri til umbóta

- Kanna líðan starfsmanna, starfsanda og samstarf eins og gert er ráð fyrir í matsáætlun.
- Gera grein fyrir tilhögun innra mats í skólanámskrá.
- Koma á reglulegu mati á kennslu og fagmennsku kennara.

Innra mat er markmiðsbundið

Markmið skólastarfsins eru sett fram í skólanámskrá. Þau byggja á þeim markmiðum sem fram koma í aðalnámskrá en eru jafnframt tengd samfélaginu sem skólinn tilheyrir. Ekki er lagt mat á hvernig til hefur tekist við að ná þessum markmiðum þar sem innra mat hefur aðeins að litlu leyti farið fram og ekki er gerð grein fyrir því í gögnum skólans. Viðmið um árangur sem stefnt er að hafa ekki verið sett og greinargerð ekki gerð.

Styrkleikar

- Markmið skólastarfsins eru sett fram í skólanámskrá.

Tækifæri til umbóta

- Leggja mat á hvernig skólanum hefur tekist að ná markmiðum í skólanámskrá.
- Skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að og meta einnig leiðir til að ná markmiðum.
- Fjalla um það í greinargerð að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Kannanir í Skólapúlsinum eru notaðar til að afla upplýsinga um viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til skólastarfsins og líðan. Þessar upplýsingar hafa ekki enn verið nýttar í innra mati til að varpa ljósi á stöðu skólastarfsins og svara matsspurningum. Fram kemur í kafla um námsmat í skólanámskrá að lesskimunar- og lesskilningspróf eru lögð fyrir nemendum til að kanna stöðu þeirra og niðurstöður samræmdra prófa eru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu náms.

Styrkleikar

- Skólinn aflar upplýsinga um viðhorf nemenda og foreldra með Skólapúlsinum.
- Niðurstöður lesskilningsprófa og lesskimunarprófa eru notaðar til að skipuleggja nám nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Nýta niðurstöður kannana, skimana og prófa í innra mati skólans.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Foreldrar og starfsfólk taka ekki þátt í innra mati skólans, að því er fram kemur í gögnum skólans og í rýnihópum. Ekki hefur farið fram umræða um hvað eigi að meta, hvernig gagna sé aflað, né um umbætur og þróun skólastarfs. Þessir aðilar hafa þó tekið þátt í að svara spurningum í ytra mati í Skólapúlsinum en í rýnihópi foreldra kom fram nokkuð neikvætt viðhorf gagnvart þeirri könnun, spurningar þóttu út í hött, tölvan fraus og báðir foreldrar voru spurðir sömu spurninga.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila skólans.

Tækifæri til umbóta

- Stofna matsteymi með þátttöku fulltrúa foreldra, starfsmanna og nemenda og efla þannig samstarf og samráð um innra mat, þróun skólastarfs og umbætur.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Ekki liggur fyrir greinargerð um innra mat skólans né umbótaáætlun. Á heimasíðu er ekki að finna upplýsingar um innra mat. Niðurstöður ytra mats eru kynntar kennurum og starfsmönnum en ekki foreldrum eða nemendum, að því er fram kom í rýnihópum.

Styrkleikar

- Niðurstöður ytra mats eru kynntar kennurum og starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Birta ætti helstu niðurstöður innra og ytra mats á heimasíðu, eða með öðrum opinberum hætti, og gera þátttakendum grein fyrir þeim.
- Birta ætti greinargerð um innra mat og umbótaáætlun á heimasíðu eða með öðrum opinberum hætti.

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun hefur ekki verið gerð en brugðist er við niðurstöðum ytra mats sem gefa til kynna að umbóta sé þörf. Markvisst er brugðist við niðurstöðum skimana, kannana og prófa sem benda til að nemendur þurfi stuðning í námi.

Styrkleikar

- Brugðist er við niðurstöðum ytra mats sem gefa til kynna að umbóta sé þörf og við niðurstöðum skimana og kannana.

Tækifæri til umbóta

- Setja fram umbótaáætlun sem byggir á innra og ytra mati á skólstarfinu.

Svið IV – Skólabragur

Fjórði þátturinn sem metinn var í Kirkjubæjarskóla er skólabragur. Sá þáttur var valinn af sveitarstjórn og skóla. Við mat á skólabrag er skoðað hvernig skólasamfélagið í heild stuðlar að jákvæðum skólabrag, hvernig starfsandi birtist, hvaða áætlanir og stefnur skólinn hefur sett fram og hvernig þeim er framfylgt og á hvern hátt nemendur eru virkir í skólastarfi.

Í aðalnámskrá grunnskóla, kafla 7.6 segir: Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallar-réttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir: Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemanda og öryggi að leiðarljósi.

Það er fyrst og fremst á grunni þessara atriða sem viðmið voru gerð um það sem kalla mætti góðan skólabrag. Einnig var skoðað hvað segir í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um jákvæðan skólabrag því þar er kveðið á um skyldur fullorðinna varðandi það að börn geti myndað eigin skoðanir og hafi rétt á að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem tryggir gagnkvæma virðingu innan skóla.

Vísbendingar um skólabrag voru unnar út frá þessum þáttum og þeim skipt í fjóra kafla: ábyrgð samfélagsins, starfsandi og skólareglur, áætlanir og kannanir og nemendalýðræði.

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt þessa mats hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um matsþáttinn lá fyrst fyrir stuttu áður en matið hófst.

Ábyrgð skólasamfélagsins

Skólabragur Kirkjubæjarskóla er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu, að mati þátttakenda í rýnihópum, og það var sá andi sem mætti matsmönnum í vettvangsathugunum. Einkunnarorð skólans, *kærleikur, bjartsýni og samvinna*, eru ríkjandi í skólastarfinu að mati margra viðmælenda í rýnihópum.

Nemendur eru jákvæðir gagnvart námi sínu og skólastarfi. Nemendur tala um að þeim líði vel og það kemur einnig fram í niðurstöðum í nemendakönnun Skólalámsins, þar sem vellíðan í Kirkjubæjarskóla hjá nemendum í 6.-10. bekk er marktækt meiri en hjá samanburðarskólum. Nemendur telja minna einelti í skólanum en gerist almennt og þeir samsama sig með nemendahópnum álíka og gengur og gerist í öðrum skólum.

Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir gerðu sér almennt grein fyrir eigin ábyrgð varðandi góðan skólabrag. Foreldrar segja skólabrag almennt góðan og nemendur eru vinir þvert á kyn og aldur. Þó kom fram í viðtölum við foreldra að huga mætti betur að samskiptum því nemendur eigi til að para sig saman og í fámenni geti þá einhver orðið útundan. Foreldrar nefndu að huga mætti að hópastarfi í tengslum við samskipti nemenda.

Skólastjóri, kennarar og starfsfólk í skólanum leggur sig fram við að viðhalda góðum starfsanda og skólabrag. Þátttakendur í rýnihópum nemenda, kennara og foreldra nefndu ýmsa viðburði sem efla jákvæðan skólabrag, svo sem leynivínnaviku, þemaviku, föstudagstíma og ýmis konar hópablöndun.

Styrkleikar

- Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.
- Nemendum líður að öllu jöfnu vel í skólanum.
- Einelti mælist minna en hjá samanburðarhópum.

Tækifæri til umbóta

- Auka hópastarf með það að markmiði að efla samskipti í nemendahópnum enn frekar.

Starfsandi og skólareglur

Virðing einkennir samskipti og starfsanda í skólanum að flestra mati. Nemendur sögðu að vel væri komið fram við þá og foreldrar sögðust ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur. Starfsfólk sagði að almennt væri góður andi í skólanum. Nemendur í rýnihópi sögðu styrk skólans vera skemmtilega kennara, félagslífið væri gott og þeir hrósuðu starfsfólki í matsal fyrir góð samskipti.

Í rýnihópi starfsfólks kom fram nokkur óánægja með að ekki er leitað til starfsmanna varðandi málefni sem snerta allan starfsmannahópinn. Þátttakendur í hópnum vildu hafa meiri áhrif á ákvarðanir sem hafa áhrif á þeirra starfssvið.

Skólareglur eru almennar, lögð er áhersla á góð samskipti og vinnubrögð og ná reglurnar til allra sem starfa við skólann. Til er verkferli um viðbrögð við broti á skólareglum. Nemendur og starfsmenn hafa ekki komið að því að setja skólareglur og sögðu að þær væru orðnar gamlar.

Svör nemenda við ýmsum þáttum í mati sýna að góður andi er í skólanum og þeim líður yfirleitt vel. Góður starfsandi er í kennslustundum og haldið er uppi námsaga sem samrýmist virðingu fyrir barninu.

Styrkleikar

- Almennt er góður starfsandi í skólanum.
- Skólareglur eru jákvæðar og skýrt ferli er til við brotum á þeim.

Tækifæri til umbóta

- Auka lýðræðislega þátttöku allra starfsmanna um ákvarðanir er varða málefni skólans.
- Hafa alla í skólasamfélaginu með við endurskoðun skólareglna.

Áætlanir og kannanir

Í skólanum er stefna um skólabrag sem sett er fram í einkunnarorðunum *kærleikur, bjartsýni og samvinna*. Greinilega kemur fram að unnið er með þessi gildi og gátu allir sem við var rætt nefnt þau. Hluti af skólasamfélaginu hefur ekki tekið virkan þátt í stefnumótun og því er samvinnuþátturinn veikastur í skólastarfinu.

Líðan og samskipti nemenda eru könnuð með Skólapúlsum en ekki er komin reynsla á hvernig unnið er með niðurstöðurnar.

Jafnréttisstefna skólans er í skólanámskrá. Einnig er skráð rýmingaráætlun sem er í hverri kennslustofu. Stutt en hnitmiðuð eineltisstefna er birt í skólanámskrá þar sem einnig er fjallað um viðbrögð við einelti.

Heildar forvarnarstefna liggur ekki fyrir og ekki heldur áætlun varðandi tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Æskilegt væri að gera slíka áætlun og birta þannig upplýsingaskyldan og ferlið sem fer í gang sé öllum ljós.

Styrkleikar

- Einkunnarorð skólans eru greinargóð, rökstudd og öllum ljós.
- Eineltisstefna og viðbrögð við einelti liggja fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf samvinnu allra sem að skólasamfélaginu standa.
- Skipuleggja þarf birtingu og kynningu á niðurstöðum kannana og mats.
- Birta forvarnarstefnu og ferli varðandi tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

Nemendalýðræði

Eins og segir í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þarf skólabragur að vera þannig að allir nemendur geti myndað eigin skoðanir og komið þeim á framfæri á frjálstan og eðlislægan hátt. Jafnframt skal taka réttmætt tillit til skoðana nemenda í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Í Kirkjubæjarskóla er starfandi nemendafélag með nemendum 7.-10. bekkjar. Að ósk nemenda eru allir nemendurnir í stjórn félagsins og velja sér talsmann. Nemendafélagið skipuleggur félagslíf nemenda en fjallar ekki um nám og kennslu.

Nemendur í rýnihópi töldu sig geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri við kennara eða skólastjóra. Þeir koma að mati á skólastarfi með þátttöku í könnun Skólapúlsins sem hófst veturinn 2013-2014.

Nemendur koma ekki skipulega að almennri umræðu á fundum eða bekkjarfundum þar sem fjallað er um nám og kennslu, líðan eða annað sem snertir skólagöngu þeirra.

Styrkleikar

- Allir eldri nemendur skólans eru virkir í nemendafélaginu.
- Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda með Skólapúlsinum.

Tækifæri til umbóta

- Halda fundi eða skapa annan vettvang með nemendum öllum eða í smærri einingum til að ræða um nám og kennslu og önnur skólatengd málefni.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Í stórum dráttum má segja að í Kirkjubæjarskóla fari fram gott skólastarf sem byggir á lögum, reglugerðum, aðalnámskrá og öðru sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Nemendum líður vel og jákvæður skólabragur einkennir starfið. Þó eru nokkrir mikilvægir þættir sem þarf að bæta, s.s. innra mat skólans en brýn þörf er á að bæta verklag við það. Einnig þarf að bæta þætti sem snúa að skipulagi og stjórnun.

Stjórnun

Einkunnarorð Kirkjubæjarskóla eru *kærleikur, bjartsýni og samvinna* og þau eru þekkt í skólasamfélaginu og móta skólastarfið. Skólastjóri leggur í starfi sínu mesta áherslu á að nemendum líði vel og leggur áherslu á lýðræðislega umræðu um mál sem upp koma. Sökum smæðar skólans er skólastjóri eini stjórnandinn og hann hefur að auki kennsluskyldu. Skipurit og starfslýsingar liggja fyrir. Mikil samvinna einkennir skólastarfið, fundir eru haldnir reglulega og fagleg umræða fer einnig fram á kennarastofu. Skólanámskrá og starfsáætlun eru gerðar og birtar á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta

- Birta námsvísa/námsáætlanir fyrir árganga og námsgreinar á heimasíðu.
- Skrá og gera opinberar þær verklagsreglur og áætlanir um skólastarfið sem vantar.
- Efla starfsemi skólaráðs og foreldrafélags.
- Tryggja að almennir starfsmenn séu þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku.
- Auka þátttöku foreldra í skólastarfi og bæta upplýsingamiðlun til þeirra.

Nám og kennsla

Nemendur eru almennt áhugasamir um nám sitt og virkir í kennslustundum. Námsumhverfi styður við nám og kennslu og gefur fjölbreytta möguleika. Samkennsla árganga er vel skipulögð og tími nemenda er vel nýttur í kennslustundum. Nemendur hafa valmöguleika í námi frá 5. bekk. Nemendur sýna góða frammistöðu í íslensku í 4. bekk en hún er slakari þegar komið er í 7. og 10. bekk. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir tilgangi og tilhögun námsmats. Nemendur hafa gott aðgengi að kennurum og skólastjóra og koma sjónarmiðum sínum á framfæri þó ekki sé formlegur farvegur til þess.

Tækifæri til umbóta

- Skapa frekari tækifæri nemenda til samvinnu og skoðanaskipta í námi.
- Auka hlutfall val tíma hjá eldri nemendum.
- Viðhalda góðri frammistöðu nemenda á samræmdum prófum upp skólagönguna.
- Skoða hvað veldur því að árangur í stærðfræði er almennt slakari en árangur í íslensku á samræmdum könnunarprófum.
- Tengja viðmið um árangur og mat á námi betur og gera nemendum kleift að nýta við mat og skipulag á námi.
- Skrá hvaða kannanir og skimanir eru lagðar fyrir alla nemendur, hver eru viðmið um árangur og hvernig bregðast skuli við ef þörf er á.

- Ljúka endurskoðun skólanámskrár og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár 2015.
- Auka notkun upplýsingatækni í skólastarfi.
- Gera einstaklingsnámskrár fyrir nemendur með sérþarfir í námi.

Innra mat

Matsáætlun liggur fyrir og samkvæmt henni verða allir helstu þættir skólastarfsins metnir á næstu fimm árum. Kannanir Skólapúlsins eru notaðar til að leggja mat á líðan og viðhorf nemenda og viðhorf foreldra til skólastarfsins. Brugðist er við niðurstöðum samræmdra prófa og þær hafðar til hliðsjónar við skipulagningu náms. Niðurstöður kannana eru kynntar fyrir starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Stofna þarf matsteymi með þátttöku fulltrúa foreldra, starfsmanna og nemenda og efla samstarf og samráð um innra mat, þróun skólastarfs og umbætur.
- Gera grein fyrir tilhögun innra mats í skólanámskrá.
- Leggja mat á hvernig skólanum hefur tekist að ná markmiðum í skólanámskrá.
- Skilgreina viðmið um árangur sem stefnt er að og meta leiðir til að ná markmiðum.
- Nýta niðurstöður kannana, skimana og prófa í innra mati skólans.
- Upplýsa starfsmenn og foreldra um matið.

Skólabragur

Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu. Einkunnarorð skólans eru greinargóð, rökstudd og öllum ljós. Almennit líður nemendum vel í skólanum og einelti er að mati nemenda minna en hjá samanburðarhópum. Skólareglur eru öllum kunnar og skýrt ferli við brotum á þeim.

Tækifæri til umbóta

- Efla ætti enn frekar samskipti nemenda með fjölbreyttu hópastarfi.
- Skapa þarf nemendum vettvang til að ræða um nám og líðan.
- Tryggja að allir starfsmenn komi að ákvörðunum er varða málefni skólans.

Frekari greining fyrir Kirkjubæjarskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður í þremur af fjórum þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á Kirkjubæjarskóla. Fjórði þátturinn, mat á skólabrag, er ekki tekinn með þar sem ekki eru til samræmd viðmið um þann þátt.

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.


- $A \rightarrow 3,6 - 4 = \text{grænt}$ – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- $B \rightarrow 2,6 - 3,5 = \text{ljósgrænt}$ – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $C \rightarrow 1,6 - 2,5 = \text{gult}$ – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $D \rightarrow 1,0 - 1,5 = \text{rautt}$ – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Náms aðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólast. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklags reglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðisli. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Mat á gæðum kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda³ sem metnar voru.



Af þeim 17 kennslustundum sem metnar voru flokkast 13 kennslustundir góðar, tvær voru frábærar og tvær má bæta. Engin kennslustund var metin óviðunandi.


Kennsluhættir

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda notuðu upplýsingatækni við nám í tveimur kennslustundum af 17 sem metnar voru. Kennarar nýttu upplýsingatækni nær ekkert til kennslu í þessum stundum.

Kennsluathafnir⁴

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.




3 Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda.

4 Sjá: Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum.


Samvinna og einstaklingsvinna

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Hópastærð, nemendur á kennara

Mynd 4 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Matsblað kennslustunda**Vettvangsathugun í kennslustund**

Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl. (upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/ Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matsþáttur	Vísbendingar	
Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta – Óviðunandi		

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Má bæta

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

- Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:
- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
 - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
 - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
 - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
 - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
 - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks en ekki er um tæmandi lista að ræða. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðandi

Kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla/samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. Áhersla er lögð á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Námsferni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaval eða nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma eftirfarandi þræðir:

Sjálfstætt nám – einstaklingsvinna


Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist af dæmigerðri vinnubókarvinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrundun og mat á eigin námi (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

Gagnvirkt nám – samvinna/hópavinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Þarvinna, hópavinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: Leiðbeiningar og viðmið fyrir mat sveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.

Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjal fsm_skola_97.pdf

Kirkjubæjarskóli. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.kbs.is>

Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>

Reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustusveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>

Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>

Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

